

Fasteignafélagið Hvammur ehf.

Stjórnarfundur

Þriðjudaginn 25. maí 2022 var haldinn stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn í fjarfundi og hófst hann kl. 11:00.

Mættir voru: Einar Jón Geirsson, Pétur Friðjónsson og Kristján Sturluson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ákvörðun um tímasetningu aðalfundar.

Stjórn samþykkir að aðalfundur félagsins verði haldinn 23. júní nk. kl. 13:00 í stjórnarsýsluhúsinu í Búðardal.

Fundarboð samþykkt.

2. Tillögur til aðalfundar.

Stjórn samþykkir samhljóða að leggja eftirfarandi tillögur fyrir aðalfund:

Ársreikningur 2021. Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2021 verði staðfestur af hluthöfum.

Kosning endurskoðanda. Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf., kt. 590975-0449 ehf. verði kjörið sem endurskoðunarfyrirtæki félagsins.

Ákvörðun um hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð. Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2021.

Stjórnarlaun. Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að stjórnarlaun verði óbreytt, kr. 17.000 fyrir stjórnarmenn og kr. 28.000 fyrir formann.

Staðfesting á ákvörðunum hluthafafundar dags. 31. desember 2006. Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að staðfesta ákvarðanir sem teknar voru á lögsmætum hluthafafundi félagsins þann 31. desember 2006, þar sem láðst hafði að tilkynna um breytinguna til fyrirtækjaskrár innan lögboðins frests á sínum tíma. Ákveðið var að auka hlutafé félagsins með útgáfu nýrra hluta að nafnverði kr. 10.000.000,- sem selt var á genginu kr. 1 á hlut. Nýir hlutir voru greiddir með reiðufé og féllu hluthafar frá forgangsrétti sínum til áskriftarinnar. Hlutafé félagsins eftir hækkun er því kr. 68.083.731,- að nafnverði. Þá voru jafnframt samþykktar viðeigandi breytingar á samþykktum félagsins, í samræmi við ákvörðun um aukningu á hlutafé félagsins. Ársreikningar félagsins, frá þeim tíma sem aukningin var ákveðin til dagsins í dag, hafa borið með sér framangreinda aukningu á hlutafé.

Tillaga um lækkun á hlutafé félagsins til jöfnunar á tapi. Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að hlutafé þess verði lækkað sem nemur kr. 34.577.146,- að nafnverði til jöfnunar á tapi sem myndast hefur í rekstri félagsins og verður ekki jafnað á annan hátt á grundvelli 1. tölul. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Tillaga um lækkun á hlutafé félagsins með útgreiðslu til hluthafa. Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að hlutafé þess verði lækkað sem nemur kr. 2.500.000,- að nafnverði á

genginu kr. 1,- á hlut með úthlutun af eigin fé félagsins til eins hluthafa (KS) á grundvelli 2. tölul. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Verði tillagan samþykkt ætlar stjórn félagsins að freista þess að fá undanþágu frá innköllunarskyldu, sbr. heimild í 2. mgr. 36. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Tillaga um lækkun á hlutafé félagsins til jöfnunar á eigin hlutum. Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að hlutafé þess verði lækkað sem nemur kr. 2.425.466,- að nafnverði vegna eigin hluta á grundvelli 38. gr., sbr. VII. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Verði tillagan samþykkt ætlar stjórn félagsins að freista þess að fá undanþágu frá innköllunarskyldu, sbr. heimild í 2. mgr. 36. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Tillaga um breytingu á nafni félagsins. Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að breyta nafni félagsins í Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.

Tillaga um breytingu á tilgangi félagsins. Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að breyta tilgangi félagsins svo að eftirleiðis skuli hann hljóða svo:

„Tilgangur félagsins er að efla og styðja við uppbyggingu atvinnulífs á starfssvæði þess með arðsemismarkmið í huga. Stuðningurinn getur verið í formi hlutafjárkaupa eða lánveitinga bæði til nýrra fyrirtækja og fyrirtækja sem nú þegar eru í rekstri á svæðinu.“

Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins. Þar sem tillögur stjórnar um lækkun á hlutafé félagsins, sem og breytingu á nafni félagsins, hafa það í för með sér að gera verður breytingu á samþykktum félagsins leggur stjórn félagsins jafnframt til að eftirleiðis skulu greinar 1.1 og 2.1. í samþykktum félagsins hljóða svo:

1.1: „Félagið er einkahlutafélag. Nafn þess er Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.“

1.3: „Tilgangur félagsins er að efla og styðja við uppbyggingu atvinnulífs á starfssvæði þess með arðsemismarkmið í huga. Stuðningurinn getur verið í formi hlutafjárkaupa eða lánveitinga bæði til nýrra fyrirtækja og fyrirtækja sem nú þegar eru í rekstri á svæðinu.

2.1: „Hlutafé félagsins er kr. 28.581.104 - krónur tuttuguogáttamilljónirfimmhundruðáttatíu- ogeittþúsundeitthundraðogfjórar. Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1 - ein króna og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut. Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.“

3. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:17.

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Einar Jón Geirsson, 14.06.2022 kl. 15:31

Pétur Friðjónsson, 15.06.2022 kl. 08:55



Kristján Sturluson